



## Tilkynning frá skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps

Skrifstofan verður lokað vegna sumarleyfa frá og með 14. júlí til og með 1. ágúst.

Skrifstofan opnar á hefðbundnum tíma 2. ágúst n.k.

---

## Bókasafnið/sumarfrí

Bókasafnið verður lokað frá og með 14. júlí vegna sumarleyfa. Lokað á sama tíma og hreppsskrifstofan.

Opnað aftur mánudaginn 8. ágúst. Opíð frá kl. 17 til 19.

Þakkir og kveðjur Anna María

---

## Sundlaugin

Sundlaugin verður opin sunnudaga til fimmtudaga í sumar frá kl. 15:00 - 19:00.

---

## Næstu rusladagar

28. júlí - Almennt sörp

4. ágúst - Endurvinnsla

11. ágúst - Almennt sörp

## Kirkjan

Kæra sóknarfólk í Laufásprestakalli og landsmenn allir!

Nú skal minnt á árlega Þönglabakkamessu 24. júlí næstkomandi. Hún hefst kl. 14.00. Búið er að opna fyrir umferð út í Fjörður og hægt að keyra að Tindriðastöðum (reiknað með 90 mín) og ganga yfir í Þorgeirsfjörð c.a. ganga í klst.

Þá er líka hægt að taka bátinn Knörrinn sem fer frá Grenivík kl. 10.00 og siglir fyrir Gjögurtá og í Þorgeirsfjörð (dásamleg upplifun). Sigling kostar 8000 kr. á mann og 4000 kr. fyrir 6-15 ára (jafnvel hvalir á leiðinni). Knörrinn tekur 35 manns. Endilega sendið Laufásklerki sem fyrst pantanir á [bolli.petur.bollason@gmail.com](mailto:bolli.petur.bollason@gmail.com) eða á Norðursiglingu [begga@northsailing.is](mailto:begga@northsailing.is).

Söngvaskáldið Svavar Knútur syngur við messuna m.a. Næturljóð úr Fjörðum. Hjónin Bolli Pétur Bollason og Sunna Dóra Möller flytja samtalsprédikun og þjóna við athöfn. Kleinukaffi að lokinni stund.

Verið öll hjartanlega velkomin og Frelsarinn gefur svo veðrið blítt!

---

## Fjáröflun unglिंगadeildar Valsárskóla

Klósettpappír: 48 WC-rúllur kosta 7.000 kr., 24 WC-rúllur kosta 3.500 kr. Til að panta pappír má hafa samband við Jónu Valdísi í síma 848-7214 eða í tölvupósti á [netfangið jonav@internet.is](mailto:jonav@internet.is).

---

## Kæru ströndungar

Nemendum í 9. og 10. bekk Valsárskóla langar að þakka ykkur kærlega fyrir stuðning ykkar vegna fjáröflunar fyrir útskriftaferð þeirra sem farin var nú í vor.

Ferðin var frábær í alla staði! Farið var til Danmerkur, Svíþjóðar og Þýskalands. Átta dögum var eytt í 18°- 20° hita í skemmtigörðum, söfnum, dýragarði og á fleiri skemmtilegum stöðum.



Takk fyrir okkur!

---

# Litið um öxl

Pessi frétt birtist í Tímanum 28. júní 1972:

*Rigningar í Eyjafirði*

## **Lækur við læk í Vaðlaheiði**

*SB-Reykjavík*

*Ofan af brún Vaðlaheiðar, á móts við Akureyri miðja, fellur nú myndarlegur lækur, sem enginn minnst að hafi séð áður. Eyjafjarðará er kolmórault fljót og tjarnir standa á tünnum Svalbarðsströndunga. Áfram rigndi hann fyrir norðan í gær og muna menn vart jafn blautan júní.*

*Feikilegar dembur komu í fyrrinótt og gærdag á Akureyri og þar beljuðu fljót eftir götunum. Langt út eftir firðinum mátti sjá mórault belti og var þar Eyjafjarðaráin á ferðinni.*

*Að sjá yfir í Vaðlaheiði frá Akureyri er lækur við læk og eru bændur þar lítt hrifnir, þó að Akureyringum finnist sjónin tilkomumikil.*

*Kjartan Magnússon á Mógili á Svalbarðsströnd, sagði Tímanum í gær, að þar stæðu nú tjarnir á tünnum og ekki væri nokkur leið að fara um þau með vélar. - Það er langt síðan við hefðum getað byrjað að slá, sagði hann, en nú getum við ekkert, nema beðið. Gras er löngu fullsprottið og farið að leggjast í legur í bleytunni. Mikil kartöflurækt er á Ströndinni og eru bændur farnir að hafá áhyggjur af görðum sínum, þeim sem ekki standa í halla. Bændur frammi í Eyjafirði voru fyrir nokkru byrjaðir að slá, en nú liggur hey þeirra undir skemmdum á tünunum.*

*Björn Brynjólfsson, vegaeftirlitsmaður á Akureyri sagði að vegirnir væru furðu góðir eftir þetta, að vísu blautir og holóttir, en ekki hefði runnið úr þeim og því ekki þurft að grípa til þungatakmarkanna. Hann sagði, að nokkuð bætti úr skák, að kalt væri í veðri og það jafnvel svo að frysti upp á heiðum um nætur.*

Tíminn, 142. tbl. (28.06.1972), bls. 1

[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageId=3719326](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3719326)

---

Ströndungur kemur næst út miðvikudaginn 17. ágúst.